10. fundur skólaráðs – 4. október 2022

Fundurinn hófst kl. 8:10

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Tómas Leifsson og Rúna Björk Júlíusdóttir fulltrúi foreldra, Íris Anna Randversdóttir og Sunna Dís Kristjánsdóttir fulltrúar kennara, Lilja Hrönn Guðmundsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Unnur Björk Arnfjörð fulltrúi grendarsamfélagsins. Ekki er búið að útnefna fulltrúa nemenda og þeir nemendur sem voru í skólaráði eru útskrifaðir úr skólanum.

Dagskrá:

1. Margrét kynnti nýjan fulltrúa kennara í skólaráði, Sunnu Dís Kristjánsdóttur.
2. Lögð fram drög að starfsáætlun Engidalsskóla 2022-2023. Samþykkt án athugasemda.
3. Lögð fram drög að skólanámskrá Engidalsskóla 2022-2023. Samþykkt án athugasemda.
4. Lögð fram til kynningar nýjustu niðurstöður lesfimiprófa. Niðurstöðurnar lofa nokkuð góðu fyrir komandi vetur en þrír árgangar eru rétt undir landsmeðaltalinu en aðrir eru á eða yfir meðaltalinu. Þetta er betri staði en síðustu haust og við alltaf bætt okkur verulega yfir veturinn.
5. Starf félagsmiðstöðvar kynnt. Unnur Björk fór yfir starfið og nýtt húsnæði. Starfið gengur vel og góð mæting en opið er þrisvar í viku eins og í öðrum félagsmiðstöðvum í Hafnarfirði. Enduðum fundinn á að sýna nýtt húsnæði félagsmiðstöðvar.

Fundi slitið kl. 8:40